

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 1. maí 1964, nr. 48.

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum, undirskrifuð af forsætisráðherra 4. júní 1964, nr. 49.

Auglýsing um vegadóttun fyrir árið 1964, undirskrifuð af samgöngumálaráðherra 11. júní 1964, nr. 50.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga, undirskrifuð af forsetanum 10. júní 1964, nr. 51.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins, undirskrifuð af forsetanum 19. júní 1964, nr. 52.

Bráðabirgðalög um launaskatt, undirskrifuð af forsetanum 30. júní 1964, nr. 53.

25. febr.

Nr. 83.

AUGLÝSING

frá Sjávarútvegsmálaráðuneytinu.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild í 4. málsgrein 2. gr. laga nr. 1 frá 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. Í samræmi við þessa ákvörðun greiðist 6% viðbót við ferskfiskverð það, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins hinn 20. janúar 1964, eins og segir í tilkynningu ráðsins hinn 24. febrúar 1964. Tekur þetta til þess fisks, sem fer til vinnslu eða neyzlu innanlands.

Fiskifélagi Íslands hefur verið falin framkvæmd greiðslu á þeirri fjárhæð, sem hér um ræðir.

Greiðslur til útvegsmanna munu fara fram mánaðarlega fyrir milligöngu fiskkaupenda, þ. e. vinnsluöðva. Ber fiskkaupendum að láta Fiskifélaginu í té, um leið og afhending hinna almennu afla- og vigtarskýrsla fer fram, afrit af vigtarnótum fyrir hvert fiskiskip ásamt vottorði Ferskfiskeftirlits um gæða- og stærðarflokkun fisksins. Vigtarnótur skulu vera staðfestar af löggiltum vigtarmönnum.

Fiskifélagið getur, með samþykki ráðuneytisins, sett nánari reglur um framkvæmd á greiðslum þessum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1964.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

13. marz.

Nr. 84.

AUGLÝSING

um breytingar nr. 2 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 20. marz 1964 ganga í gildi breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. marz 1964.

F. h. r.

Baldur Möller.

Elias I. Eliasson.